

# K-16P ÍSKRAPAVÉL

## HÁMARKAÐU AFLAVERÐMÆTI MEÐ RÉTTRI KÆLINGU

Notkun ískrapa til kælingar á afla er talin ein allra best leiðin til að ná sem bestri og jafnastri kælingu og þar með hámarks aflaverðmæti. Ískrapavélar frá Kælingu Víkurafla eru afrakstur áratuga þróunar og reynslu af notkun þeirra við mjög krefjandi aðstæður á Íslandsmiðum og víða um heim. Ískrapavélar eru mikið notaðar um borð í fiskiskipum en einnig af vinnslum í landi.

### Af hverju að nota ískrapa?

Ískrapi er ein besta kælileið fyrir afla sem er í boði. Ískrapi umleikur allan aflann og tryggir þannig jafnari og betri kælingu t.d. í samanburði við hefðbundinn ís. Flekkir á roði vegna ójafnrar kælingar heyra sögunni til. Auðvelt að dæla ískrapanum þar sem best er nýta hann í ferlinu hvort sem það er á sjó eða í landi.

### Fyrir fiskiskip og vinnslur í landi

Vinsældir ískrapa fara ört vaxandi bæði á sjó og í landi. Ískrapi hentar afar vel fyrir allan afla úr sjó og einnig önnur matvæli. Þykkni ískrapa getur verið misjafnt frá 10% í 40% íþykkni á móti sjó. Þunnur ís 10-20% er notaður við vinnslu en þykkari upp í 40% þegar ísa á afla niður í kór.

### K-16P ískrapavélin í hnotskurn

K-16P getur framleitt allt að 5.071 lítra af ískrapa á klukkustund. Vélin er búinn forkæli sem tryggir jöfn afköst við allt að 15°C sjóhita. Saltinnihald þarf að vera 2,6% NaCl að lágmarki. Ef auka þarf saltinnihald er hægt að nýta saltþækkilkerfi. Sjónotkun við 15° er allt að 5.500 lítrar á klukkustund og sjósíun 30 míkron.

### Fyrirferðalítil búnaður og sveigjanlegur í uppsetningu

Ískrapavélar taka lítið pláss miðað við afköst og eru samsettar úr sjálfstæðum einingum. Sveigjanleiki í uppsetningu er því mjög mikill þannig að ískrapavélum hefur alltaf verið komið fyrir þrátt fyrir takmarkað pláss. Lagnir eru leiddar frá ískrapavél á þann stað eða staði þar sem nýta þarf ískrapann.

### Nútíma stjórnþúnaður með fjartengingu

Stjórnborð fyrir ískrapavélar eru tölvustýrð og með snertiskjá. Tengja má mörg stjórnborð við hverja ískrapavél. Algengt er að vera með stjórnölvu í brú og aðra á vinnsludekki. Fjartengibúnaður gerir þjónustuteymi okkar mögulegt að tengjast ískrapavélum kanna stöðu þeirra, uppfæra og fínstilla ef þess þarf.

### Ending og áreiðanleiki í allt að 25 ár

Fyrstu ískrapavélar frá Kælingu Víkurafla voru teknar í notkun árið 2005. Allar þær vélar sem hafa verið í þjónustu frá upphafi eru ennþá í notkun. Með reglubundnu eftirliti og réttu viðhaldi má reikna með endingu í 25 ár eða jafnvel lengur.

### Tækniupplýsingar

|                                                   |                     |
|---------------------------------------------------|---------------------|
| Spennugjafi:                                      | 3x 230 V / 3x 400 V |
| Orkunotkun:                                       | 45 kW               |
| Kæliafköst í kW:                                  | 60 kW               |
| Kæliafköst í kcal/klst:                           | 51.724 kcal/klst    |
| Ískrapaframleiðslugeta 10% ís við 0° sjóhita:     | 5.071 l/klst.       |
| Ískrapaframleiðslugeta 40% ís við 0° sjóhita:     | 1.486 l/klst.       |
| Ísframleiðslugeta á 24 klst. við 0° sjóhita:      | 15.139 kg.          |
| Forkælir tryggir jöfn afköst við sjóhita allt að: | 15°C                |
| Lágmarks saltinnihald:                            | 2,6 % NaCl          |
| Stærð (LxBxH):                                    | 2000x1300x1850 mm   |
| Þyngd:                                            | 1.490 kg            |
| Kælismiðill:                                      | R404A / R449A       |
| Sjósíun:                                          | 30my                |
| Sjónotkun við kælingu á búnaði við 15° sjóhita:   | 5.500 l/klst.       |



Kæling Víkurafl ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kænilausna fyrir sjávarútveg. Við vinnum stöðugt að því markmiði að viðskiptavinir okkar geti hámarkað aflaverðmæti með réttri kælingu á öllum stigum. Kænilausnir frá Kælingu Víkurafla hafa náð fótfestu bæði hér á landi og erlendis enda hafa þau staðið fyrir gæði, áreiðanleika, afköst, endingu og góða þjónustu.